



Handbók um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku í skipulagt frístundastarf



Inngangur

Handbókin er leiðarvísir um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku í skipulagt frístundastarf. Með skipulögðu frístundastarfi er átt við starfsemi frístundaheimila, félagsmiðstöðva, íþróttafélaga, skáta, listaskóla og annað skipulagt íþrótt- og æskulýðsstarf. Frístundamiðstöðin Kampur vann handbókina í samstarfi við íþróttafélagið Val, skáta og fleiri aðila sem standa fyrir skipulögðu frístundastarfi í hverfinu Miðborg/Hlíðar. Handbókin er því unnin út frá frístundastarfi í Reykjavík, en getur vel gagnast öðrum sveitarfélögum. Í bókinni er annars vegar rætt almennt um undirbúning og móttöku barna en hins vegar hvernig hægt er að stuðla að almennri vellíðan og öryggi foreldra með starfið.

Handbókin er uppsett með ákveðnum gátlista sem skiptist í neðan-greinda þætti:

Forvinna: Hvað er hægt að gera til að auðvelda barni með annað móðurmál en íslensku að hefja þátttöku í frístundastarfi?

Móttaka: Hvað er hægt að gera til að barn og foreldrar skilji sem mest og að barninu líði vel á meðan það er í starfinu og vilji koma aftur?

Hugarfarar: Nokkur atriði sem gott er að hafa í huga.

Í gátlistanum kemur fram hvað ber að hafa í huga við forvinnu og móttöku barnanna en í feitlettruðum baktexa eru frekari upplýsingar og útskýringar til stuðnings.

Gátlisti

Forvinnan: Hvað er hægt að gera til að auðvelda barni með annað móðurmál en íslensku að hefja þátttöku í frístundastarfi?

Hafa kynningarefni sem gefið er út, svo sem bæklinga og auglýsingar, **myndrænt og með einföldum og skýrum texta**.

Leita eftir samstarfi og/eða samstarfsaðilum til að ná til þeirra sem ekki eru að nýta sér þau frístundartilboð sem eru í boði í hverfinu, til dæmis við umsjónarkennara í viðkomandi skóla, foreldrafélög, þjónustumiðstöð og/eða frístundamiðstöð hverfisins.

Undirbúa starfsfólk með því að bjóða því upp á fræðslu um mál-efni innflytjenda, fjölmenningu, viðhorf og samskipti í fjölbreyttum hóp.

Skóða hvort einhver í starfsmannahópnum talar þau tungumál sem börn og foreldrar með annað móðurmál en íslensku tala.

Kynna sér hvar má fá **túlkþjónustu**.

Skóða hvort skráningarkerfi er aðgengilegt. Hvernig er hægt að aðstoða foreldra við skráningu?

Benda á að í síma 411-1111 má fá aðstoð með Rafræna Reykjavík, umsóknir og aðra slíka vinnu á íslensku, ensku og pólsku.

Ákveða hvaða upplýsingar eru nauðsynlegar fyrir foreldra og börn og hvernig er best að koma þeim til skila. Dæmi um upplýsingar sem miðla þarf eru um útbúnað, æfingatíma og foreldra-samstarf. Hafa textann einfaldan og myndrænan.

Ákveða hver tekur á móti nýjum meðlimum; er mögulegt að vera með ákveðinn móttökufulltrúa fyrir börn með annað móðurmál en íslensku og foreldra þeirra?

Hafa myndir af starfsfólki og þjálfurum á áberandi stað með nöfnum og símanúmerum þar sem það á við. Útskýra fyrir foreldrum við hvern þeir geta haft samband til að fá aðstoð.

Halda utan um upplýsingar um hvað hefur gengið vel þegar unnið hefur verið með börnum með annað móðurmál en íslensku (notast við „best practice“ verkefni).



Móttaka: Hvað er hægt að gera til að barn og foreldrar skilji sem mest og að barninu líði vel á meðan það er í starfinu og vilji koma aftur?

Leggja sig fram við að vera vingjarnlegur og gefa sér tíma í foreldrasamstarf. Það skiptir enn meira máli en vanalega þegar foreldrar og starfsfólk deilir ekki sama tungumáli.

Læra nafn barnsins og nota það frá byrjun. Ef framburður er erfiður getur verið gott að sá sem sér um móttöku sjái til þess að allir kunni og geti sagt nafn barnsins áður en það kemur í annað skipti.

Hafa til taks öll nauðsynleg gögn, á tungumáli barns/foreldra ef kostur er eða eins myndrænt og mögulegt er. Upplýsingar um frístundakortið, hvað barnið þarf að hafa með sér og blöð og bæklinga sem tengjast starfinu.

Sýna húsnaði, aðstöðuna og jafnvel svæðið í kring, til dæmis næsta strætóskyli. Sýna kort af hverfinu.

Fara yfir öryggisatriði og reglur hússins bæði í texta og myndrænt

Kynna dagskrá annarinnar, æfingatíma, opnunartíma og aðra viðburði.

Útskýra kostnaðarliði, skráningar eða æfingagjöld, verð á búnaði og annan tilfallandi kostnað. Hvað er nauðsynlegt að borga og hvernig má lágmarka kostnað.

Skoða hvort möguleiki sé á fylgd eða hvort það séu til dæmis önnur börn sem taka strætó eða labba sömu leið og gætu verið samferða.

Gefa símanúmer þjálfara, leiðbeinanda eða annarra sem foreldrar geta haft samband við og hafa skýrt við hvern skal tala ef eitthvað kemur upp á.

Kynna heimasíðu eða fésbókarsíðu og hvaða upplýsingar eru þar.

Ákveða hvernig er best að haga eftirfylgni í samstarfi við foreldra.

Óska sérstaklega eftir að heyra skoðun foreldra og barns, spurningar eða vangaveltur.

Kynna barnið fyrir hópnum og jafnvel sérstaklega fyrir börnum sem búa nálægt, tala sama tungumál eða eru sérstaklega vel til þess fallin félagslega.

Kynna starfsfólk fyrir foreldrum, foreldra fyrir öðrum foreldrum og hvetja þá til þátttöku í foreldrafélögum/ráðum.

Hugarfar: Nokkur atriði sem gott er að hafa í huga:

Innflytjendur koma til landsins með mikinn menningarauð og þekkingu í farteskinu. Þótt þeir þekki ekki menninguna eða það starf sem verið er að bjóða upp á þýðir það ekki að þau komi í starfið eins og óskrifað blað. Þeir sem standa fyrir starfinu hafa oftast góða þekkingu á íslensku samfélagi og innflytjendur eru með sérfræðiþekkingu á eigin lífi og aðstæðum. Foreldrar þekkja hvað er þeirra barni fyrir bestu og hafa oft aðra sýn á hlutina. Það ber að virða og meta að verðleikum.

Ef fólk veit ekki af upplýsingum getur það ekki beðið um aðstoð við að nálgast þær. Það er því ekki alltaf nóg að vera tilbúinn að aðstoða ef að fólk spyr eftir því. Að bjóða aðstoð af fyrria bragði getur skipt sköpum.

Sýna uppruna og bakgrunni barnanna áhuga og virðingu.

Hafa þolinmæði og þrautseigju í heiðri. Ekki gefast upp, árangur og sýnileg aukning hjá þessum hópi í frístundastarfi tekur tíma.

Er tungumál eða menning barnsins að hindra þátttöku þess í frístundastarfinu? Ýmsar leiðir eru til að leysa slíkan vanda í sameiningu.

Gott samstarf við foreldra er alltaf hagur barnsins. Það á ekki síst við þegar um ræðir börn með annað móðurmál en íslensku.

Ólíkt er staðið að skipulögðu frístundastarfi í hinum ýmsu löndum og því getur fólk haft misjöfn viðhorf til þess.



Forvinnan

Hér er fjallað nánar um hvað er hægt að gera til að auðvelda barni með annað móðurmál en íslensku að taka þátt í skipulögðu frístundastarfi.

Gott er að eiga kynningarefni og bæklinga á fleiri tungumálum en íslensku. Ef það er ekki mögulegt, skal lögð áhersla á myndrænan og einfaldan upplýsingatexta. Einnig getur verið gott að fara yfir hvert skráningarferlið er með það í huga hvort það sé einfalt og aðgengilegt eða hvort eitthvað mætti betur fara.

Annað sem reynst hefur vel til að kynna skipulagt frístundastarf fyrir börnum með annað móðurmál en íslensku er að vera í góðu samstarfi við aðra sem koma að þjónustu við börnin. Samstarfsverkefni milli þjónustu- og frístundamiðstöðva, foreldrafélaga, skóla og íþróttafélaga hafa reynst vel og hægt er að fá styrki til slíks, til dæmis hjá **Þróunarsjóði innflytjenda**. Það ber líka góðan árangur að þeir sem bjóða upp á frístundastarf upplýsi vel þá sem vinna með innflytjendafjölskyldur þannig að þeir geti bent á frístundastarf sem hentar í ljósi áhugasviðs og aðstæðna.

Starfsfólk í frístundastarfi gegnir mikilvægu hlutverki við að móta gott umhverfi og staðarbrag fyrir öll börnin. Gott er að skoða starfsmannahópin með tilliti til þess hvaða tungumál hann ræður yfir og hvernig koma megir til móts við börn með annað móðurmál en íslensku. Það kemur oft á óvart hversu mörg tungumál eru töluð innan hópsins.

Gott getur verið að bjóða upp á fræðslu fyrir starfsmannahópin en sé það ekki mögulegt er umræða um jákvæð viðhorf til barnanna og hvernig bregðast skuli við aðstæðum þeirra líka mjög gagnleg. Það getur verið dýrmætt fyrir hópinn að deila sín á milli reynslu af því sem hefur gengið vel eða því sem betur má fara. Þannig má miðla þekkingu og halda henni innan starfsmannahópsins og einnig veitir umræðan starfsfólk gott tækifæri til að velta fyrir sér hvers vegna ákveðin atriði gengu vel eða illa.

Dæmi

Mynd af húsinu þar sem starfsemin fer fram getur hjálpað börnum og foreldrum að átta sig á staðhættum og hvernig börnin komast þangað.

Merkja jafnvel inn strætóleiðir og stoppistöðvar.



Móttaka

Hér er fjallað nánar um hvað er hægt að gera til að barn og foreldrar skilji sem mest, að barninu líði vel á meðan það er í starfinu og vilji koma aftur.

Þegar foreldrar/börn og starfsfólk tala ekki sama tungumál er sérstaklega mikilvægt að vera kurteis, vingjarnlegur og að leggja sig fram við að skilja og vera skýr. Hvort sem til stendur að nota túlk eða ekki er mikilvægt að undirbúa viðtalið vel og gefa sér góðan tíma, passa þó að virða tíma viðmælenda með því að fara ekki yfir gefin tímamörk. Mikilvægt er að vera búinn að finna til öll gögn sem foreldrar þurfa á að halda.

Ef einhverjar upplýsingar eru til á tungumáli foreldris er auðvitað ráð að hafa það tiltækt, en í þessu eins og öðru má hjálpa til með skilning með því að hafa upplýsingablöð eins einföld og myndræn og kostur er.

Í gátlistanum er ágætis listi til að minna á þær grunnupplýsingar sem gott er að hafa tilbúnar fyrir fyrsta viðtal. Auk grunnupplýsinga um starfið getur verið gott að segja frá frístundakortinu, hvað barnið þarf að hafa með sér, fara yfir öryggisatriði og reglur hússins. Þegar farið er yfir tímatöflu/æfingatöflu getur verið gott að fara líka yfir aðra viðburði sem gætu bæst við á önninni.

Ástæða getur verið til að fara sérstaklega yfir alla kostnaðarliði, æfinga- eða þátttökugjöld og önnur tilfallandi gjöld yfir önnina. Þegar rætt er um byrjunarkostnað, til dæmis hvað búnaður kostar og hvar er hægt að kaupa hann er ráðlegt að nefna líka þær leiðir sem hægt er að nýta

sér til að lágmarka kostnaðinn til dæmis með því að kaupa notað eða annað slíkt.

Mikilvægt er að starfsfólk sé vakandi fyrir því að börn einangrist ekki eða verði utanveltu. Það getur leitt til ýmissa vandkvæða svo sem vanlíðunar, hegðunarerfiðleika eða brottfalls. Margt má má þó gera til að koma í veg fyrir slíkt. Forðast skal að bæta barninu inn í hópinn án nokkurrar kynningar eða útskýringa og vona að það spjari sig sjálft. Stór kynning fyrir framan allan hópinn er þó ekki endilega besta lausnin. Finna þarf góða leið til að kynna barnið fyrir nýjum félögum og koma því inn í hópinn. Ein leið getur verið að segja hópnum frá því að það sé að koma nýtt barn í hópinn sem er að læra íslensku og að mikilvægt sé að taka vel á móti því. Einnig mætti kynna barnið sérstaklega fyrir ákveðnum börnum innan hópsins. Til að mynda gætu það verið börn með sama móðurmál, börn sem búa mjög nálægt og gætu verið samferða eða börn sem hafa sérstaklega góða félagsfærni og eru góð í að kynnast nýjum krökkum. Þessi leið getur líka hentað nýjum foreldrum vel. Ef til dæmis foreldrafélag eða einhverjir foreldrar eru sérstaklega virkir getur verið gott að láta þau vita af þeim börnum sem hafa annað móðurmál en íslensku og foreldrum þeirra.

Það skiptir öll börn miklu máli að starfsfólk viti hver þau eru og að þau séu hluti af hópnum. Til að þau fái þá tilfinningu er mikilvægt að læra nöfnin þeirra og ávarpa þau með því frá fyrsta degi. Þetta getur orðið erfiðara ef nafnið er mjög framandi en þá er gott ráð að sá sem sér um móttöku barns og/eða foreldra í fyrsta skipti leggi sig fram við að læra nafnið og framburð þess. Sá hinn sami ætti svo að sjá til þess að allir sem munu vinna með barninu kunni nafnið og geti borið það rétt fram áður en barnið kemur næst. Þetta tekur aðeins örstutta stund en getur skipt miklu máli fyrir barnið.

Hugarfar

Nokkur atriði sem gott er að hafa í huga í samskiptum við börn og foreldra af erlendum uppruna.

Sömu grundvallarreglur gilda og í öðrum samskiptum. Jákvætt hugarfar getur skipt sköpum bæði fyrir starfsfólk og fyrir velliðan þeirra sem tekið er á móti. Eitt af því sem innflytjendur upplifa við komu til nýs lands er að þeim er ekki treyst til að taka ákvarðanir sem þá varðar í nýja landinu. Það er því mikilvægt að hafa í huga að innflytjendur koma hingað með mikla reynslu og mikinn menningarauð. Þó að þau þekki ekki íslenska menningu eða það starf sem verið er að bjóða upp á þýðir það ekki að þau komi til landsins eins og óskrifað blað. Starfsfólk kemur oftast að borðinu með þekkingu úr



Dæmi

Þér finnst kannski lítið mál að halda áfram að tala þó þú standir upp og sækir einn eða tvo bæklinga, eða leitir að einhverju í tölvunni en ef viðmælandinn hefur takmarkað vald á tungumálinu getur lítil truflun orðið til þess að hann skilur illa það sem þú segir.



Jákvætt hugarfar

Það er erlendum foreldrum eðlilegt að styðja við og vera í samskiptum við barn sitt á móðurmáli sínu og það á líka við á íþrótt- og tómstundaviðburðum. Starfsfólk getur stutt við þessi samskipti með jákvæðu hugarfari og þannig verið í verki góð fyrir-mynd fyrir aðra. Einnig má styðja foreldra með því að upplýsa þá um mikilvægi móðurmáls. Sjá nánar á www.modurmal.com.

Íslensku samfélagi og innflytjendur með sérfræðipækkingu á eigin lífi og aðstæðum, vitneskju um hvað er þeirra barni fyrir bestu og oft með aðra sýn á hlutina. Það ber að virða og meta að verðleikum. Þessi virðing fyrir bakgrunni og uppruna á við í öllu samstarfi og á að sjálfsögðu líka við um barnið.

Í tilfelli foreldra sem eru nýlega komnir til landsins er líklegt að starfsfólk þurfi að leggja sig meira fram við að miðla upplýsingum af fyrra bragði vegna þess að erfitt er fyrir fólk að spyrja út í hluti sem það veit ekki af. Traust og gott samstarf við foreldra er alltaf hagur barnsins, við þetta þarf að leggja sérstaka rækt þegar innflytjendur eiga í hlut.

Frístundakortið

Flestir foreldrar þekkja frístundakortið og kunna að nýta sér það en þegar fólk er nýflutt til landsins er ekki hægt að gera ráð fyrir því. Það er því sérstaklega mikilvægt að kynna kortið fyrir þeim ef þau þekkja það ekki. Í kynningu til foreldra af erlendum uppruna hefur verið lögð áhersla á að kortið teljist ekki vera fjárhagsaðstoð og hafi því ekki áhrif á umsókn um ríkisborgararétt og að foreldrar barna í Reykjavík nýti kortið óháð fjárhagsstöðu. Allar helstu upplýsingar um frístundakortið og hvernig það er notað eru í bæklingi sem gefinn var út á [ensku](#), [spænsku](#), [thaíslensku](#) og [pólsku](#) auk [íslensku](#). Ráðlegt er að bjóða fólki bæklinginn á þeirra tungumáli ef hann er til, jafnvel þó að íslenskukunnátta sé ágæt.

Annað viðhorf til frístunda

Viðhorf okkar mótast að stórum hluta af því samfélagi og umhverfi sem við ölumst upp í. Í samskiptum við foreldra og börn með annað móðurmál en íslensku er því gott að hafa í huga að skipulagt frístundastarf erlendis er oft mjög frábrugðið því sem að við erum vön og því ekki ólíklegt að viðhorf séu önnur en við eigum að venjast. Í Bandaríkjunum er frístundastarf oftast ekki rekið af grasrótarsamtökum og þá gjarnan farið af stað til að bregðast við ákveðnum vanda sem steðjar að mjög ákveðnum hópum. Í Litháen, Póllandi og mörgum öðrum löndum getur verið mikill munur á gæðum frístundastarfs fyrir börn eftir fjárhagsstöðu þeirra og í öðrum löndum eru til dæmis sumar íþróttir í boði fyrir börn hástéttafólks, en allt aðrir í boði fyrir börn úr efnaminni fjölskyldum. Það er því erfitt að vita hvaða reynslu börn og foreldrar sem hingað koma hafa af skipulögðu frístundastarfi. En það er vel þess virði að spyrja og kynna sér hvaða hugmyndir viðkomandi hefur um starfið og leiðréttu ef eitthvað samræmist mjög illa þeim hugmyndum og hugsjónum sem eru ráðandi hér á landi.



Frístundamiðstöðin Kampur

Pósthússtræti 3-5

Sími: 411 5560

Netfang: kampur@reykjavik.is



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið